

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

**Efni:** Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 7. október 2021

Þann 7. október var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannamálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í 96,7% stöðugilda í leikskólum, 99,2% í grunnskólum og 92,3% í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 46,4 grunnstöðugildi í leikskólum, 20 stöðugildi í grunnskólum og 19,8 stöðugildi í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum.

|                                               | Árbær-<br>Grafarholt | Breiðholt | Grafarvogur-<br>Kjalarnes | Laugardalur-<br>Háaleiti | Vesturbær-<br>Miðborg/Hlíðar | Samtals |
|-----------------------------------------------|----------------------|-----------|---------------------------|--------------------------|------------------------------|---------|
| Leikskóli                                     | 11,4                 | 9,0       | 6,0                       | 7,5                      | 12,5                         | 46,4    |
| Grunnskóli                                    | 0                    | 3         | 5,5                       | 7,25                     | 4,2                          | 20,0    |
| Frístundaheimili/Sértækar<br>félagsmiðstöðvar | 2,65                 | 3         | 3,5                       | 4,5                      | 6,2                          | 19,8    |
| Fjöldi stm í fríst.starfi                     | 6                    | 6         | 7                         | 10                       | 14                           | 43      |

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 7. október 2021.

**Í leikskóla** á eftir að ráða í 46,4 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborið við 62,9 stöðugildi 23. september 2021 og 22,5 stöðugildi 8. október 2020 þegar mjög vel gekk að ráða. Hefur mönnun áhrif á inntöku 29 barna í fimm leikskólum. Að auki á eftir að ráða í samtals 17 stöðugildi vegna afleysinga er varða undirbúning, veikindaafleysingar og önnur störf, en þau stöðugildi hafa ekki áhrif á inntöku barna í leikskóla. Ráðið hefur verið í 96,7% stöðugilda miðað við þann fjölda barna sem búið er að bjóða pláss samanborið við 98,4% þann 8.október 2020 og 98% 14. október 2019.

**Í grunnskóla** á eftir að ráða í 20 stöðugildi. Ráðið hefur verið í 99,2% stöðugilda miðað við fulla mönnun, samanborið við 99,5% þann 8.október 2020 og 99% 14. október 2019.

**Í frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvum** á eftir að ráða í 19,8 stöðugildi eða um 43 starfsmenn. Ráðið hefur verið í 92,3% stöðugilda miðað við fulla mönnun samanborið við 98,1% þann 8. október 2020 og 95% 14. október 2019. Af þeim 4.339 börnum sem eru með virka umsókn eru 113 börn á biðlista. Í hlutavistun eru 221 börn. 64,8% frístundaheimila hefur náð fullri vistun. 100% frístundaheimila hafa náð umbeðinni vistun í 1. bekk, 100% í 2. bekk, 71% í 3. bekk og 64% í 4. bekk.

Mannauðsskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur gripið til margra aðgerða í samráði við stjórnendur með það að markmiði að laða að umsækjendur. Bætt hefur verið í birtingar auglýsinga og þá sérstaklega í þeim hverfum þar sem þörf er á flestum stöðugildum. Má þar t.d. nefna í hverfablöðum, í bíóhúsum, strætóskýlum o.s.frv. Sérstök áhersla er lögð á þá starfsstaði sem eiga eftir að ráða í flest störf og þeir fengið aðstoð við auglýsingar og að vekja athygli á þeim starfsstöðum. Þá hefur verið leitað til Afleysingastofu Reykjavíkurborgar sem mun leggja sérstaka áherslu á að þjónusta viðkomandi starfsstöðvar.